

Liður B11, aflgjald, lækkar um	5.0%
Liður B11, orkugjald, lækkar um	5.0%

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku,
nr. 214, 10. apríl 1989.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, sbr. lög nr. 6, 27. febrúar 1989 um breytingu á lögum nr. 56, 16. maí hefur Verðlagsráð heimilað og ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku, er öðlast þegar gildi:

Liðir D1 og D4, orkugjald, hækki um 7.5%

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 24. júlí 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi
Stöðvarfjarðar.**

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Stöðvarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 14. júní 1989, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingar á áður staðfestu aðalskipulagi Stöðvarfjarðar 1983–2003.

Breytingarnar eru þessar:

1. Í suðvesturhorni opna svæðisins við Skólaveg verður stofnanalód (leikskóli).
2. Í stað efsta hluta fyrirhugaðs íbúðasvæðis við Heiðmörk kemur opið óbyggt svæði.
3. Í stað hluta íbúðasvæðis við Borgargarð kemur stofnanalód (kirkja).
4. Í stað fyrirhugaðs íbúðasvæðis við enda Réttarholts kemur tjaldsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júlí 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.